

Alþingi
Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
Reykjavík

Norðurlandi vestra, 6. maí 2021

Sent rafrænt á nefndasvid@althingi.is

Umsögn; Tillaga til þingsályktunar um endurskoðaða landsskipulagsstefnu 2015-2026. 705. mál.

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra um tillögu til þingsályktunar um endurskoðaða landsskipulagsstefnu 2015-2026. 705. mál.

Stjórn SSNV tekur undir þær athugasemdir varðandi tillöguna sem fram koma í umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um málið. Einkum er lögð áhersla á að kostnaðarþáttur tillögunnar með tilliti til sveitarfélaganna verði skoðaður sérstaklega og að skipulagsvald og réttur til staðbundinnar aðlögunar verði í forgrunni við innleiðingu stefnunnar.

Stjórn SSNV áskilur sér rétt til að veita umsögn um málið á seinni stigum og lýsir sig jafnframt tilbúna til samtals við umhverfis- og samgöngunefnd vegna málsins.

F. h. Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra,



Unnur Valborg Hilmarsdóttir,
framkvæmdastjóri